



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDUR FORSETA ÍSLANDS MEÐ JEFFREY SACHS UM FÁTÆKT, LOFTSLAGSBREYTINGAR OG NÝTINGU JARÐHITA Í AFRÍKU

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í dag fund með dr. Jeffrey Sachs, aðalráðgjafa Kofi Annan í þróunarmálum og stjórnanda Þúsaldarverkefnis Sameinuðu þjóðanna og forstöðumanni Earth Institute við Columbia háskólann í New York.

Á fundinum ræddu forseti og Jeffrey Sachs einkum um eftirfarandi fimm viðfangsefni:

- Baráttuna gegn fátækt í veröldinni og hvaða aðgerðir duga best í þeim efnum
- Vaxandi vág vegna loftslagsbreytinga og hvernig hægt væri að skapa viðtæka alþjóðlega samvinnu til að hamla gegn þeim
- Samvinnu íslenskra fyrirtækja, stofnana og sérfræðinga við stofnanir sem dr. Sachs veitir forstöðu. Í þeim efnum var m.a. rætt um alþjóðlegan samráðsfund um nýtingu jarðhita í austanverðri Afríku sem fyrirhugaður er á næsta ári í Djibouti
- Sameiginlegt tilraunaverkefni um bindingu koltvíoxíðs í jörðu, en forseti Íslands og Jeffrey Sachs höfðu forgöngu um að tengja saman Orkuveitu Reykjavíkur, vísindamenn við Háskóla Íslands og Columbia háskólann sem og aðra alþjóðlega samstarfsaðila til að hrinda því verkefni í framkvæmd
- Áhuga stjórnenda Þúsaldarverkefni Sameinuðu þjóðanna á samvinnu við íslenska aðila um framleiðslu og dreifingu alnæmislyfja fyrir sjúklinga í Afríku

Loks ræddu forseti Íslands og Jeffrey Sachs um næstu verkefni Samráðsþings um loftslagsbreytingar (Global Roundtable on Climate Change) en síðasti fundur þingsins var á Íslandi í júnímánuði síðastliðnum. Næsti fundur samráðsþingsins verður í New York í desembermánuði næstkomandi.

19. september 2006

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).